



Lagt fyrir 266. Fund Barnaverndarnefndar Reykjaneshæjar 27. janúar 2020  
Mál nr. 2019110223

## Greinargerð

**Viðtakandi:** Barnaverndarnefnd Reykjaneshæjar

**Sendandi:** María Gunnarsdóttir, forstöðumaður barnaverndar

---

### Efni: Fjölskylduheimili

Velferðarsvið Reykjaneshæjar hefur gert þjónustu- og vinnslusamning við fjölskyldu í Reykjaneshæ um að reka Fjölskylduheimili fyrir barnavernd Reykjaneshæjar. Barnaverndarstofa hefur veitt leyfi til að vista þrjú börn á aldrinum 12 til 18 ára á fjölskylduheimili skv. 84. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Leyfið gildir frá 1. janúar 2020 til 31. desember 2020.

Markmið með fjölskylduheimilinu er að reka heimili fyrir börn sem geta ekki búið heima hjá sér með því að veita þeim öryggi, umönnun, stuðning og vernd. Um er að ræða börn sem hafa búið við erfiðar uppeldisaðstæður, ofbeldi og/eða samskiptavanda milli foreldra og barns. Á heimilinu geta tvö börn verið vistuð í einu í allt að eitt ár og eitt barn verið vistað í skemmri tíma.

Með fjölskylduheimilinu er lögð áhersla á að börnin búi við stöðuleika í öruggu umhverfi og að andlegum, líkamlegum og félagslegum þörfum þeirra sé sinnt. Með því að reka fjölskylduheimili í Reykjaneshæ þá er verið að stuðla að sem minnstri röskun í lífi barnanna þar sem þau geta verið í sínu umhverfi, haldið áfram í sínum skóla/vinnu, íþrótt- og tómstundastarfi og félagslífi.

Með hverju barni er gerð framtíðaráætlun þar sem tilgreind eru meðal annars markmið með vistuninni ásamt tímalengd, stuðningi sem börnin þurfa á að halda út frá þeirra þörfum auk þátta eins og hvernig efla megí nettengsl barnanna við fjölskyldu og ættingja ásamt framtíðarplönun þeirra.

Börn sem fara í skammtí mavistun geta verið með fjölþættan vanda. Markmið með skammtí mavistuninni er meðal annars að hvíla foreldra og barn ásamt því að meta aðstæður og líðan barns. Þegar barn fer í skammtí mavistun þá er það hluti af áætlun um meðferð máls í barnavernd.

Verkefnið hófst 1. janúar 2020

Endurmat í desember 2020

Ábyrgðaraðili: María Gunnarsdóttir